


Afstöðumynd

Mkv = 1:500

## Stærðir (sumarhús mhl 01):

| | |
|---|---|
| Brúttó Flatarmál | 139,7 m² |
| Nettó Flatarmál | 117,0 m² |
| Brúttó rúmmál | 412,2 m³ |

## Stærðir (gestahús mhl 02):

| | |
|---|---|
| Brúttó Flatarmál | 36,9 m² |
| Nettó Flatarmál | 28,7 m² |
| Brúttó rúmmál | 106,6 m³ |
| Stærð lóðar | 6400 m² |

## NHL

| | |
|---|---|
| Nýtingarhlutfall (sumarhús) | 0,02 |
| Nýtingarhlutfall (gestahús) | 0,006 |
| Nýtingarhlutfall (samtals) | 0,026 |

## Byggingalýsing, Kiðjaberg lóð 18, Hlíð.
## Lóð #: L229555
## Staðgreinir: 88719-1-50010180

Lýsing:
Húsið stendur frístundabyggð í landi Kiðjabergs í Grímsnesi.

Húsið er heilsárshús auk geymslu fyrir golfbíla á einni hæð, einingahús innflutt frá Eistlandi sem fest verður við staðsteyptar undirstöður.
Upprunalegur hönnuður er Søren Rasmussen (ONV Arkitekter)

Framleiðsla timbureininga er gæðavottuð samkvæmt ISO 9001 staðli.
ISO skírteinisnúmer framleiðanda : MSC-9-158
Útgáfudagur skírteinis: 05 júní 2020
Gildistími skírteinis til : 04 júní 2023
(Útgáfa upprunalegs skírteinis 05 júní 2014)
Allt byggingarefni og íhlutir sem notað er í framleiðslu timbureininga er CE vottað.
Sökklar og botnplötur eru staðsteyptar, járnbentar og einangraðar að innanverðu með 100 mm plasteinangrun.
Útveggir eru timburveggir byggðir úr 45x145 mm burðarvið úr styrkleikaflokki T1, holrými fyllt einangrun. Útveggjaklæðning er 21x95 liggjandi timburborð í ljósum lit. Innan á úveggjagrind skal koma fyrir rakavarnarlagi. Grindur eru festar niður við sökkulveggi með vinklum og múrboltum.
Gluggar og hurðir eru úr PVC. Allt gólfsítt gler skal vera öryggisgler.
Lagnagrind er 45x45 mm einnig fyllt einangrun. Að utan er húsið klætt 21x95 mm vatnsklæðningu í ljósum lit.
Burðarvirki þaks eru Kerto þaksperrur 45x300 sem leggjast ofan á útveggi. Ofan á sperrur skal klæða með 18 mm krossvið. Tvö lög af þakpappa í Flokki T eru brædd ofan á krossvið og upp á þakkanta. Í hvert sperrubil skal koma fyrir 2 stk útloftunarrörum með flugnaneti. Einangrað er í sperrubil með 225 mm glerull. Neðan á sperrur skal koma fyrir rakavarnarlagi. Loftun þaks er gegnum 25 mm rauf bakvið útveggjaklæðningu. Rauf er lokað með skordýraneti.
Byggingarefni glugga og hurða er ál/tré
Innveggir eru hefðbundnir gipsveggir, byggðir upp af málmstoðum 45x95 mm fyllt einangrun og klætt 2x gipslagi. Bakvið innréttingar skal setja 13 mm krossvið/spónaplötu. Allar klæðningar í flokki 1.
Húsið er kynnt með hitaveitu. Allar lagnir eru leiddar ýmist í gólfplötu eða í lagnagrind útveggja. Tryggja skal að hitastig á töppunarstöðum fari ekki yfir 65°C. Skólp er leitt í rotþró sem staðsett er sunnan við hús. Þjónusta við rotþró er frá aðkomuvegi. Efsta brún setlaugar skal a.m.k vera í 400 mm hæð yfir göngusvæði.
Húsið er einnar hæðar frístundahús í notkunarflokki 3. Samtengdir reykskynjarar, slökkvitæki og flóttaleiðir í samræmi við uppdrátt. Björgunarop eða útihurðir eru á svefnrýmum.
Brunahólfanir EI-60 milli íbúðar og geymslu. Brunamótstaða útveggja er a.m.k R90 og brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k R60. Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
Eldstæði skal hitaeinangra til varnar húðbruna og tengist reykháf úr óbrennanlegu efni, vörðu gegn tæringu. Þverskurðarflatarmál reykháfs skal vera óbreytt frá botni til topps. Að öðru leyti er vísað í gr. 9.6.5 og 9.6.6 í byggingarreglugerð og staðla sem listaðir eru á sniði A-A.
Auðkenni um staðsetningu frístundahússins skal komið fyrir utandyra á útvegg.
Í geymslu skal koma fyrir útloftun við gólf.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Árni Þórðarson
Kt. 1209863769
Dags. 6.11.2023 09:14:54
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 6.11.2023 11:58:59
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 01.12.2021.

Lóð er 6400 m², aðkoma og göngustígur verður lögð malarlagi. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðum. Lóð verður ræktuð. Gróður verður í lóðarmörkum og gróðurbeð verður við aðkomu. Sorp verður flutt í þar til gerð sorpgerði frístundabyggðarinnar.

Hæðarkótar eru afstæðir og miðast við að frágengið gólf sé í kóta 10.00.
Mál á grunnmynd og sniði eru í mm.

Hönnunarstjóri er Guðmundur Árni Þórðarson, kt:120986-3769.







## SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| SL | Slökkvitæki |
| "R" | Reykskynjari |
| (A)-EI-60 | Skil Brunahólfa |
| FL | Flóttaleið |
| BO | Björgunarop |
| GN | Gólfniðurfall |
| LR | Loftræsing |
| BS | Brunaslanga |
| SV | Skolvaskur |

Grunnmynd

Mkv = 1:100

| BR. | DAGS. | BREYTING | REIKN. | TEIKN. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 21/08/2023 | Breyting á milliveggjum í anddyri. Þvottavél bætt við í MHI02 | | GÁÞ |

GLÓRA
HÖNNUN I RÁÐGJÖF I ÁÆTLANIR

Þorleifur Björnsson 030673 3799
Byggingafræðingur BFÍ
Hafnargata 27a 230 RNB
Sími: 421 7562 780 4400
Póstfang: thb@glora.is

# KIÐJABERG, LÓÐ 18
## GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR

AFSTÖÐUMYND, GRUNNMYND
BYGGINGARLÝSING OG STÆRÐIR

HANNAÐ/TEIKN. Guðmundur Árni Þórðarson /
ATH.
KT. 120986-3769
KVARÐI Sjá teikn.
REYKJAVÍK 22/11/2021
VERKNR.
A-101
BR.
1